

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum:

Deiliskipulag Sjálands.

Breytingin varðar lóð nr. 27-35 við Löngulínu og felst í að lóðinni sem er 4.422 m² að stærð, er skipt upp í tvær lóðir. Eftir breytinguna verður Langalína nr. 27-31, 2.370 m² að stærð og Langalína 33-35 verður 2.052 m² að stærð. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. september 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag Hraunsholts (Hraunsholt vestra, Ásar).

Breytingin varðar lóð nr. 4 við Brúnás og felst í að heimilt verður að nýta 30 m² útgrafið rými á jarðhæð sem íbúðarherbergi. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 5. október 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag Búðahverfis (Smíðsbúð, Iðnbúð).

Breytingin varðar lóð nr. 2 við Iðnbúð og felst í að hæð er bætt ofan á bakhús sem verður þá jafn hátt framhúsi sem snýr að götu. Nýtingarhlutfall hækkar út 0,4 í 0,5. Mænishæð húss verður 7,2 en var 7,0. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 2. nóvember 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag fyrir Hæðir (Bæjargil annar áfangi).

Breytingin varðar lóð nr. 4 við Urðarhæð og felst í stækkun byggingarreits vegna byggingar sólstofu. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 25. júlí 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag Bæjargils, fyrri áfangi.

Breytingin varðar lóð nr. 10 við Smíðsbúð og felst í að opnu skýli á lóðinni er lokað og hámarksnýtingarhlutfall breytist úr 0,40 í 0,49. Mörk byggingarreits breytast. Kvöð er um steiptan vegg á lóðarmörkum. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 27. júní 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag Arnarness.

Breytingin varðar lóð nr. 5 við Tjaldanes og felst í stækkun á byggingarreit vegna endurnýjunar og stækkunar sólskála. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 18. júlí 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag fyrir Ása – Grundir.

Breytingin varðar lóð nr. 1 við Breiðás og felst í stækkun byggingarreits vegna stækkunar bílgeymslu. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag Hraunsholts vestra – Ásar.

Breytingin varðar lóð nr. 4-8 við Borgarás og felst í heimild til að byggja fjögurra íbúða raðhús í stað þriggja íbúða raðhúss. Húsið verður af gerð R-2, 1½ hæð með hámarkshæð 5,8 m. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. september 2006 og tekur hér með gildi.

Deiliskipulag Hraunsholts vestra – Ásar.

Breytingin varðar lóð nr. 14 við Brúnás og felst í stækkun byggingarreits um 50 cm til suðausturs. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 16. mars 2006 og tekur hér með gildi.

Garðabæ, 24. apríl 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2007